

Ed.

883. Nefndarálit

[301. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Frá 2. minni hl. samgöngunefndar.

Fram hefur komið hjá þeim, sem samgöngunefnd hefur fengið til viðræðna, og einnig í skriflegum umsögnum um frv. að hagsmunaaðilar eru mjög ósáttir við þetta frv. Hafa þeir gert fjölmargar athugasemdir og breytingartillögur við frv. sem ekki hefur unnist tími til að taka til greina. Því hafa þeir lagt þunga áherslu á að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað til hausts.

Í fylgiskjali kemur fram álit skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, en umsagnir annarra, m. a. F. F. S. Í., eru hliðstæðar.

Minni hl. samgöngunefndar leggur til að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem áriðandi er að tekist hafi sæmileg sátt milli löggjafarvaldsins annars vegar og hagsmunaaðila hins vegar um efni frumvarpsins sem snertir starfsréttindi og menntun sjómanna samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. maí 1984.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr., frsm.

Skúli Alexandersson.

Kolbrún Jónsdóttir.

Fylgiskjal.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík
Skólastjórinn
Reykjavík, 8. maí 1984.

ATHUGASEMDIR OG TILLÖGUR VIÐ FRV. TIL LAGA UM ATVINNURÉTTINDI SKIPSTJÓRNARMANNA Á ÍSLENSKUM SKIPUM.

Ég legg til að afgreiðslu frumvarps til laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna verði frestað til hausts.

Rök fyrir þessu eru m. a. þessi:

1. Meiri umfjöllun sjómannaskólanna, F. F. S. Í., stéttarféлага, Slysavarnafélags Íslands, sjóslysanevndar, Landhelgisgæslu og öryggismálanefndar sjómanna.
2. Réttindi eftir 1. stig verði ekki hækkuð. Alveg verði fellt út að þetta stig veiti réttindi á farþega- og varðskip.
3. 30 tonna próf verði ekki gefið út til atvinnuréttinda. Próffyrirkomulagi verði breytt og falli undir skólana. Þetta mundi fækka undanþágum.
4. Tekið verði mið af samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunar um menntun (STCW-samþykktin).
5. VII. kafli laganna — þar sem undanþágur eru lögfestar, þ. e. 17., 18. og 19. grein verði alveg felldar úr lögum.
6. Í lögum verði fjallað um stjórn og stjórnendur skipa eins og stjórnendur annarra farartækja. Undanþágur til stjórnenda og öryggistækja skipa á ekki að koma til greina frekar en um önnur farartæki, bifreiðar og flugvélar.
7. Samgönguráðuneytið og samgönguráðherra stefni að því að undanþáguveitingar verði algjörlega stöðvaðar í framtíðinni.

Ég undirritaður, og skólastjóri Stýramannaskólans í Vestmannaeyjum, fór um á fund hæstv. samgönguráðherra hinn 13. jan. s. l. og bentum ráðherra m. a. á hve undanþágur ráðuneytis hans hefðu grafið undan sjómannamenntun í landinu. Aðsókn að sjómannaskólunum væri minnkandi og nám til þessara starfa væri virt að vettugi þegar undanþágumenn væru teknir fram yfir prófmenn. Um þetta eru nýleg dæmi, t. d. á nýbyggðum skipum sem hafa komið til landsins nú í vor til Vestmannaeyja.

Raunhæfar tillögur um siglingatíma, menntun sjómanna og þjálfun til samræmis við nágrennalöndin stranda á því að menn vita að sjálft framkvæmdavaldið fer oft lítið og stundum ekkert eftir lögum og reglum Alþingis.

Í bréfi til ráðherra, dags. 14. janúar s. l., lögðum við skólastjórnir til í beinu framhaldi af viðræðum við hann hinn 13. s. m. að teldi hann óhjákvæmilegt að veita undanþágur meðan aðlögunartími stæði yfir þá yrði eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Umsækjandi leggi fram fullgilt vottorð um sjón og heyrn.
2. Undanþága sé aldrei veitt nema staðan hafi verið auglýst.
3. Undanþága verði aldrei veitt nema til eins úthalds eða ferðar og aðeins fyrir ákveðið skip; hámark í 5 mánuði.
4. Umsækjandi hafi fullnægjandi siglingatíma og reynslu.
5. Aldrei verði veitt undanþága á farþega- og flutningaskip.

Frumvarp þetta til laga virðist mér ganga í þveröfuga átt. Ákvæði um veitingu undanþága á að lögfesta og allt lagt í hendur eins manns — samgönguráðherra.

Virðingarfyllst,
Guðjón Ármann Eyjólfsson
skólastjóri.